

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður, ef hinn fyrirlagði eiður verður unninn, en að öðrum kosti greiði stefndi áfryjanda hann að skaðlausu.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, sæti ella aðför að lögum.

Nr. 38/1905: Hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps
 gegn
 háyfirdómara L. E. Sveinbjörnsson.

D ó m u r:

Haustið 1904 lagði hreppsnefndin í Seltjarnarnesshreppi, áfryjandi máls þessa, aukaútsvar, að upphæð 10 kr. á stefnda háyfirdómara L. E. Sveinbjörnsson, en hann er búsettur í Reykjavík og þannig utanhreppsmaður. Stefndi taldi útsvarsálöguna ólögmeta og neitaði að greiða gjaldið; hreppsnefndin krafðist þess þá, að gjaldið væri tekið lögtaki, en fógetaréttur Reykjavíkur hratt þeirri kröfu með úrskurði, uppkveðnum 5. ág. f. á. Þessum fógetaréttarúrskurði hefir hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps áfryjað til yfirdómsins með stefnu útgefinni 18. nóv. f. á.; hefir hún fengið til þess gjafsókn og skipaðan málsfærslumann, og hefir hann fyrir yfirdóminum gjört þær réttarkröfur, að hinn áfryjaði úrskurður verði úr gildi feldur og honum breytt þann-

ig, að stefndi verði dæmur til að greiða áfrýjanda umrætt útsvar, 10 kr., svo og allan málskostnað, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar á meðal hæfileg málflutningslaun til hins skipaða sækjanda. Af sinni hálfu hefir stefndi, háyfirdómari L. E. Sveinbjörnsson, krafist þess, að svo framarlega málinu eigi verði frávísað ex officio, þá verði fógætaréttarúrskurðurinn staðfestur og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður hjá áfrýjanda, þótt hann hafi fengið gjafsókn.

Það virðist nú eigi vera tilefni til þess að frávísa málinu ex officio, því að málið er þannig til búíð, að dóm má láta ganga um kröfu áfrýjanda að því leyti hann fer því fram, að fógætaréttarúrskurðurinn verði úr gildi feldur.

Áfrýjandi hefir skýrt svo frá, að hann haustið 1904 hafi lagt áminst aukaútsvar á stefnda fyrir fardagaárið 1904—5 sem »eiganda Akureyjar að hálfu og umbóðsmann fyrverandi verzlunarstjóra Þórðar Guðjohnsen, er á eyjuna að hálfu«. Heimild fyrir álöggunni telur áfrýjandi sig hafa í lögum nr. 46, 13. nóv. 1903, 2. gr. þeirra, en þar segir svo: Sömmuleiðis má leggja aukaútsvar á ábúð á jörð eða jarðarhluta og leiguliðaaafnot af jörðu, þó engin ábúð fylgi, og þó rekin séu skemur en 4 mánuði gjaldársins«. Það Akurey er óbygð eyja húsalaus, sem aldrei hefir býli verið svo kunnugt sé, ekki er metin sérstaklega til dýrleika, og þar enginn búpeningur hefir verið haldinn, þá getur eigi hér verið að ræða um ábúð í lagalegum skilningi. Það verður því að eins spurning um það, hvort stefndi hafi fardagaárið 1904—1905 haft þau leiguliðaaafnot af Akurey, að leggja megi á hann útsvar til hreppsþarfa fyrir þau.

Hreppsnefndin heldur því fram, að stefndi hafi árin 1903—04 og 1904—05 haft öll afnot af Akurey, þannig að hann hafi látið heyja þar að sumrinu, haft þar fénað, látið stunda varp og hirða lunda og yfirleitt notfært sér gögn og gæði eyjarinnar. Stefndi lýsir afnotum sínum af eyjunni þessi sömu ár þannig: Slægjurnar hafi verið leigðar nafngreindum manni fyrir ákveðið gjald í peningum, miðað við hestatölu heysins, þagaganga í eyinni að haustinu til, og stundum vetrinum líka, hafi um mörg ár verið leigð öðrum, og hafi stefndi sjálfur að eins haft þar 2 kindur um haust-tím-ann; í sumar er leið hafi verið þar 4 kindur, er annar maður hafi átt, og hafi stefndi eigi heimtað borgun fyrir það. Varp sé þar alls ekki stundað, en fáein egg séu tekin þar á vorin, svo sem til sælgætis. Lunda-tekja sé þar, en eigi er nánar skýrt frá, hvernig hún sé hagnýtt. Þó virðist mega ráða það af orðum stefnda, að hann hafi sjálfur haft fugltekjuna. Af arðinum, sem með framanskriðuð mótí fæst af eyinni, skilar stefndi meðeiganda sínum helmingnum. Áfrýjandi hefir eigi með rökum vefengt það, að afnot stefnda af eyinni hafi verið þannig vaxin, eins og hann hefir lýst þeim og hér er frá skýrt, og verður fyrir því að byggja á þessari skýrslu. Að eins hefir áfrýjandi viljað halda því fram, að eyjan hafi verið slegin fyrir stefnda, og slátturinn verið borgaður með heyi. En þetta hefir þó eigi orðið sannað í málinu gegn staðhæfingu stefnda um að hann hafi leigt slægjurnar fyrir umsamið gjald í peningum, miðað við hestatölu heys.

Þó að afnot stefnda að Akurey, eins og þeim er lýst hér að framan, álitist hafa verið leiguliðaafnot af

eyju þessari, í þeim skilningi á orði þessu, er 2. gr. áðurnefndra laga 13. nóv. 1903 gjörir ráð fyrir, þá verður hinsvegar Akurey eigi talin jörð í lagalegum skilningi, heldur er þetta eyðieyja, er aldrei hefir bygð verið og er auk þess sögð óbyggileg, en það eru að eins leiguliðaafnot af jörð utanhreppsmanns, sem fyrnefnd lög heimila að leggja á aukaútsvar til hreppsins, og var því útsvarsálaga sú á stefnda, er hér ræðir um, eigi lögum samkvæm. Það verður því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð, en eftir atvikum virðist málskostnaður eiga að falla niður. Það vottast að málið sem gjafsóknarmál hefir verið löglega sótt, og bera hinum skipaða sækjanda málfutningslaun af almannafé, sem ákveðst 15 kr.

Því dæmist rétt vera;

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður á að vera óraskaður. Málskostnaður fellur niður, og kaup hins skipaða sækjanda, málsfærslumanns Odds Gíslasonar, 15 kr., greiðist af almannafé.

Mánudaginn hinn 28. maímán.

Nr. 24/1906

Réttvísinn

gegn

Þorsteini Þorgeirssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Suður-Múlasýslu, gengnum 18. janúar þ. á., var hinn ákærði Þorsteinn Þorgeirsson